

Samþykktir Sambands Íslenskra sveitarfélaga

*BREYTINGARTILLAGA FYRIR XXV. LANDSPING 26. MARS 2020
TÓMAS ELLERT TÓMASSON – BÆJARFULLTRÚI Í SVF. ÁRBORG
VIGDÍS HAUKSDÓTTIR – BORGARFULLTRI Í REYKJAVÍK*

FORMÁLI

Á landsþingi sem haldið var á Akureyri 26. október 2018 kom fram ákall frá nokkrum þingfulltrúum um að gera þyrfti breytingar á samþykktum sambandsins. Stjórn sambandsins setti í framhaldi á stofn starfshóp um endurskoðun á samþykktum sambandsins. Starfshópurinn hefur nú skilað af sér breytingatillögu á samþykktum sambandsins sem snýr að mestu leyti að því hvernig kjör til formanns sambandsins fer fram.

Undirrituð og höfundar að meðfylgjandi breytingatillögu eru samþykkt tillögu starfshópsins hvað varðar breytingar á samþykktum vegna kjörs til formanns. Undirrituð vilja þó ganga lengra í lýðræðisátt er kemur að kjöri til stjórnar sambandsins og seturétti á landsþingum sambandsins.

Grundvöllur lýðræðislegs stjórnkerfis er að þeir sem taka ákvarðanir sem varða hag almennings verða að sækja að sækja umboð sitt til kjósenda með lýðræðislegum hætti þ.e. í gegnum kosningar. Kjósendur verða líka geta treyst því að hinir kjörnu fulltrúar virði leikreglur lýðræðisins eftir kosningar.

Í stuttu máli snúa breytingatillögurnar að því að auka virkni lýðræðis í og við stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga og auka lýðræðisþáttöku annarra sveitarstjórnarfulltrúa en þeirra fulltrúa sem eru kjörnir í umboði þeirra stjórnarmálaflokka sem eiga sæti á Alþingi. Einnig að launuðum starfsmönnum sveitarfélaga og landshlutasamtaka verði ekki leyfð aðkoma að stjórn né landsþingum sambandsins.

Meðfylgjandi breytingatillaga á samþykktum sambandsins sem lögð er hér fram snýr því að 8.,9.,10.,12. og 16.gr. þ.e.:

1. kjöri til stjórnar sambandsins
2. seturétti og áheyrnarfulltrúum á landsþingum sambandsins

Tómas Ellert Tómasson – bæjarfulltrúi í Svf. Árborg

Vigdís Hauksdóttir – borgarfulltrúi í Reykjavík

1 BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM SAMBANDSINS – TILLAGA TIL LANDSPINGS 26. MARS 2020.

Tillögur um breytingar eru undirstrikaðar í aftari dálki og texti sem lagt er til að falli brott er yfirstrikaður í fremri dálki. Ef texti færirst til milli greina er hann merktur með (sviga).

<p>8. gr.</p> <p>Áheyrnarfulltrúar á landsþingi.</p> <p><u>Stjórnarmenn sem eigi eru kjörnir fulltrúar eiga rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.</u></p> <p><u>Ennfremur eiga framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. bæjar og sveitarstjórar, auk formanna og framkvæmdastjóra</u> landshlutasamtaka sveitarfélaga rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.</p>	<p>8. gr.</p> <p>Áheyrnarfulltrúar á landsþingi.</p> <p><u>Formenn landshlutasamtaka sveitarfélaga eiga rétt til setu á landsþingi með málfrelsi og tillögurétti.</u></p>
<p>V. Kjör stjórnar og skoðunarmanna</p>	<p>V. Kjör stjórnar og skoðunarmanna</p>
<p>9. gr.</p> <p><u>Kjörnefnd.</u></p> <p>Kjörnefnd sem kosin er á landsþingi, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr., skal koma saman að loknum sveitarstjórnarkosningum til að <u>gera tillögur til landsþings um kjör stjórnar og formanns sambandsins, sbr. 10. gr.</u> Kjörnefnd skal einnig kölluð saman milli landsþinga ef aðal- eða varamaður lætur af stjórnarsetu eða missir kjörgengi.</p> <p>Í kjörnefndinni skulu sitja fulltrúar fyrir fimm kjörsvæði, sem eru:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Reykjavík <u>tvær</u> fulltrúar. 2. Suðvesturkjördæmi einn fulltrúi. 3. Norðvesturkjördæmi einn fulltrúi. 4. Norðausturkjördæmi einn fulltrúi. 5. Suðurkjördæmi einn fulltrúi. 	<p>9. gr.</p> <p><u>Kjörstjórn.</u></p> <p><u>Kjörstjórn</u> sem kosin er á landsþingi, sbr. e-lið 1. mgr. 6. gr., skal koma saman að loknum sveitarstjórnarkosningum til að <u>undirbúa kosningu til kjörs stjórnar og formanns sambandsins, sbr. 10. gr. og halda utanum kosningu til formanns og stjórnar.</u></p> <p><u>Kjörstjórn sér um undirbúning og framkvæmd kosningar, kjörskrá, talningu atkvæða, úrskurð kærumála og tilkynningu úrslita.</u> <u>Kjörstjórn</u> skal einnig kölluð saman milli landsþinga ef aðal- eða varamaður lætur af stjórnarsetu eða missir kjörgengi.</p> <p>Í <u>kjörstjórn</u> skulu sitja fulltrúar fyrir fimm kjörsvæði, sem eru:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Reykjavík <u>einn</u> fulltrúi. 2. Suðvesturkjördæmi einn fulltrúi.

<p>Kjörgengir í kjörnefnd eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn svo og framkvæmdastjórnar sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi. Þeir sem taka sæti í kjörnefnd eru ekki kjörgengir til að vera aðal- eða varamenn í stjórn sambandsins. Ef kjörnefndarmaður hyggst sækjast eftir sæti í stjórn verður hann að segja sig úr kjörnefnd áður en nefndin kemur saman til fyrsta fundar til að undirbúa stjórnarkjör á landsþingi.</p>	<ol style="list-style-type: none"> 3. Norðvesturkjördæmi einn fulltrúi. 4. Norðausturkjördæmi einn fulltrúi. 5. Suðurkjördæmi einn fulltrúi. <p>Kjörgengir í kjörstjórn eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn. Þeir sem taka sæti í kjörstjórn eru ekki kjörgengir til að vera aðal- eða varamenn í stjórn sambandsins. Ef kjörstjórnarmaður hyggst sækjast eftir sæti í stjórn verður hann að segja sig úr kjörstjórn áður en stjórnin kemur saman til fyrsta fundar til að undirbúa stjórnarkjör á landsþingi.</p>
<p>10. gr.</p> <p><i>Kosning stjórnar.</i></p> <p>Á næsta landsþingi að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal kjósa 11 aðalmenn í stjórn sambandsins. Tillögur kjörnefndar, sbr. 9. gr., skulu kynntar landsþingsfulltrúum eigi síðar en einum sólarhring áður en kosning fer fram samkvæmt auglýstri dagskrá.</p> <p>Heimilt er að leggja fram breytingartillögur við tillögur kjörnefndar og skulu þær berast þingforsetum eigi síðar en tveimur klukkustundum áður en kosning fer fram.</p> <p>Fjöldi stjórnarmanna skiptist þannig eftir kjörsvæðum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Þrjú úr Reykjavík. 2. Tveir úr suðvesturkjördæmi. 3. Tveir úr norðvesturkjördæmi. 4. Tveir úr norðausturkjördæmi. 5. Tveir úr suðurkjördæmi. <p>Jafnmargir varamenn skulu kosnir með sama hætti.</p> <p>Formaður stjórnar sambandsins skal kosinn sérstaklega. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum, m.a. með kosningu varaformanns. Láti</p>	<p>10. gr.</p> <p><i>Kosning stjórnar.</i></p> <p>Á næsta landsþingi að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal kjósa 10 aðalmenn í stjórn sambandsins.</p> <p>Fjöldi stjórnarmanna skiptist þannig eftir kjörsvæðum:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Tveir úr Reykjavík. 2. Tveir úr suðvesturkjördæmi. 3. Tveir úr norðvesturkjördæmi. 4. Tveir úr norðausturkjördæmi. 5. Tveir úr suðurkjördæmi. <p>Jafnmargir varamenn skulu kosnir með sama hætti.</p> <p>Formaður stjórnar sambandsins skal kosinn sérstaklega sbr. 9gr.. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum, m.a. með kosningu varaformanns. Láti formaður af störfum kys landsþing formann í hans stað á næsta fundi sínum.</p> <p>Tiltekinn varamaður skal kjörinn fyrir hvern aðalmann í stjórn og tekur hann sæti í stjórninni í tímabundnum forföllum aðalmanns.</p> <p>Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn.</p>

<p>formaður af störfum kýs landsþing formann í hans stað á næsta fundi sínum.</p> <p>Tiltekinn varamaður skal kjörinn fyrir hvern aðalmann í stjórn og tekur hann sæti í stjórninni í tímabundnum forföllum aðalmanns.</p> <p>Kjörgengir eru aðal- og varamenn í sveitarstjórn svo og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, enda hafi þeir það starf að aðalstarfi.</p> <p>Missi stjórnarmaður umboð sitt, sbr. 1. mgr. 13. gr., tekur varamaður sæti hans til næsta landsþings sem kýs nýjan aðalmann í hans stað. Missi varamaður í stjórn umboð sitt, sbr. 1. mgr. 13. gr., skal næsta landsþing kjósa mann í hans stað.</p>	<p><u>Kosningarétt hafa kjörnir fulltrúar sem sæti eiga á landsþingi.</u></p> <p><u>Jafnræði kynjanna skal tryggt í stjórn og varastjórn sambandsins.</u></p> <p><u>Hver landsþingsfulltrúi kýs tvo fulltrúa í stjórn úr hverju kjördæmi, eina konu og einn karl.</u></p> <p><u>Fjöldi fulltrúa í stjórn frá hverjum framboðslista til sveitarstjórnar takmarkast við tvo í aðalstjórn og tvo í varastjórn – ekki meira en einn af hvoru kyni skal vera í aðalstjórn og einn af hvoru kyni í varastjórn frá hverjum framboðslista.</u></p> <p><u>Fjöldi atkvæða í hverju kjördæmi sker úr um sætaniðurröðun.</u></p> <p><u>Frambjóðanda til stjórnar er heimilt að láta umboðsmann sinn vera viðstaddan framkvæmd kosningar á kjörstað og við talningu atkvæða.</u></p> <p>Missi stjórnarmaður umboð sitt, sbr. 1. mgr. 13. gr., tekur varamaður sæti hans til næsta landsþings sem kýs nýjan aðalmann í hans stað. Missi varamaður í stjórn umboð sitt, sbr. 1. mgr. 13. gr., skal næsta landsþing kjósa mann í hans stað.</p>
<p>12. gr.</p> <p><i>Missir kjörgengis og leyfi frá trúnaðarstörfum.</i></p> <p>Umboð þeirra sem kjörnir hafa verið sem aðalmenn eða varamenn á landsþing fellur niður ef viðkomandi lætur af setu í sveitarstjórn.</p> <p>Umboð aðal- og varamanna í stjórn sambandsins fellur niður ef þeir láta af starfi sem aðal- eða varamaður í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélags.</p> <p>Ákvæði þetta tekur ekki til framangreindra aðila sem missa umboð sitt við almennar</p>	

<p>sveitarstjórnarkosningar. Umboð þeirra fellur niður er landsþing hefur kosið nýja stjórn.</p> <p>Stjórnarmenn, nefndarmenn og landsþingsfulltrúar, sem eru í tímabundnu leyfi frá störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, svo sem vegna fæðingarorlofs, eru jafnframt í leyfi frá trúnaðarstörfum sem þeir hafa verið kjörnir til samkvæmt samþykktum þessum.</p>	
<p>IX. Gildistaka</p>	<p>IX. Gildistaka</p>
<p>16. gr.</p> <p><i>Gildistaka.</i></p> <p>Samþykktir þessar öðlast gildi að loknu landsþingi sambandsins árið 2017. Jafnframt falla úr gildi samþykktir sambandsins frá 1. október 2010.</p>	<p>16. gr.</p> <p>Gildistaka.</p> <p>Samþykktir þessar öðlast gildi að loknu landsþingi sambandsins 26. mars árið 2020. Jafnframt falla úr gildi samþykktir sambandsins frá 24. mars 2017.</p>
<p>Þannig samþykkt á XXXI. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 24. mars 2017 í Reykjavík.</p>	<p>Þannig samþykkt</p>